

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 2004

---

Nr. 121

486

7. desember 2004

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 7. desember 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Bolli Þór Bollason.*

Nr. 122

13. desember 2004

## AUGLÝSING

**um frestun á fundum Alþingis.**

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frá 10. desember 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 24. janúar 2005.

*Gjört á Bessastöðum, 8. desember 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.*“

Alþingi samþykkti hinn 10. desember 2004 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frestað hinn 10. desember 2004.

*Forsætisráðuneytinu, 13. desember 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Halldór Árnason.*